



Reglur Byrs

um verðbréfavíðskipti

sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Mars 2008

Efnisyfirlit.

	Bls.
I. Gildissvið, ábyrgð og orðskýringar	3
1. gr. Gildissvið og ábyrgð	3
2. gr. Orðskýringar	3
II. Fjárfestavernd og viðskiptahættir	5
3. gr. Góð viðskiptavenja	5
4. gr. Almennar skipulagskröfur.....	5
5. gr. Regluvarsla.....	6
6. gr. Áhættustýring.....	6
7. gr. Innri endurskoðun	6
8. gr. Ábyrgð yfirstjórnar Byrs að því er varðar innri eftirlitsferla	7
9. gr. Meðferð kvartana	7
10. gr. Eigin viðskipti	7
11. gr. Útvistun verkefna	8
12. gr. Hagsmunaárekstrar.....	8
13. gr. Skriflegur samningur um verðbréfaviðskipti	9
14. gr. Skráning þjónustu og varðveisla gagna	9
15. gr. Sérgreining fjármálagerninga og annarra fjármuna	9
16. gr. Safnskráning.....	10
17. gr. Framsalsáritun	10
18. gr. Upplýsingagjöf til viðskiptavina.....	10
19. gr. Öflun upplýsinga.....	10
20. gr. Besta framkvæmd	11
21. gr. Framkvæmd fyrirmæla.....	11
22. gr. Einkaumboðsmenn.....	12
23. gr. Flokkun viðskiptavina o.fl.	12
24. gr. Viðskipti við viðurkennda gagnaðila	12
25 gr. Aukin vernd fyrir fagfjárfesta	12
26. gr. Aðilar sem geta óskað eftir því að vera fagfjárfestar	13
27. gr. Opinber fjárfestingarráðgjöf og birting upplýsinga	13
III. Gagnsæi viðskipta	13
28. gr. Upplýsingagjöf innmiðlara um tilboð.....	13
29. gr. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja um viðskipti.....	13
30. gr. Tilkynningarskylda um viðskipti	13
IV: Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja	14
31. gr. Innherjaupplýsingar	14
32. gr. Innherji	14
33. gr. Upplýsingaskylda, frestun hennar og lögmæt miðlun innherjaupplýsinga.....	14
34. gr. Innherjasvik.....	14
35. gr. Milliganga Byrs.....	15
36. gr. Rannsóknarskylda fruminnherja	15
37. gr. Tilkynningarskylda fruminnherja.....	15
38. gr. Birting upplýsinga um viðskipti stjórnenda	15
39. gr. Innherjaskrá og tilkynning um réttarstöðu	15
40. gr. Eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja	16
VIÐAUKI: Reglur um eigin viðskipti starfsmanna og hagsmunaárekstra	17
<i>Yfirlýsing starfsmanns</i>	23

I. Gildissvið, ábyrgð og orðskýringar

1. gr. Gildissvið og ábyrgð

Reglur þessar gilda um Byr sparisjóð og hafa að geyma reglur um framkvæmd laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti með síðari breytingum. Einkum er um að ræða ákvæði II. kafla laganna um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, III. kafla um gagnsæi víðskipta og XIII. kafla um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja.

Í viðauka eru nánari reglur um eigin víðskipti starfsmanna og hagsmunaárekstra.

Reglurnar eru ekki tæmandi og eru til áréttingar ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Þer þeim, sem reglurnar taka til, að kynna sér þær jafnhliða því sem þeim eiga að vera ljós ákvæði laganna.

Yfirstjórn Byrs ber ábyrgð á að skyldur þess samkvæmt lögum og reglum séu uppfylltar. Yfirstjórn Byrs skal reglulega meta og endurskoða skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags, sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og reglum og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum.

2. gr. Orðskýringar

Eftirfarandi meginhugtök í stafrófsröð eru skilgreind með eftirfarandi hætti:

1. *Aðili sem tengdur er starfsmanni fjármálafyrirtækis fjölskylduböndum:*
 - a) Maki, maki í staðfestri samvist eða sambúðarmaki starfsmanns fjármálafyrirtækis,
 - b) barn, kjörbarn eða stjúpbarn starfsmanns fjármálafyrirtækis sem er á hans framfæri,
 - c) önnur skyldmenni starfsmanns fjármálafyrirtækis sem hafa búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem tiltekin víðskipti fara fram.
2. *Almennur fjárfestir:* Fjárfestir sem ekki er fagfjárfestir.
3. *Dreifileiðir:* Leiðir til að miðla upplýsingum sem verða þar með aðgengilegar almenningi, eða líklegt er að verði aðgengilegar almenningi, svo sem ef henni er dreift til stórs hóps manna.
4. *Eigin víðskipti:* Víðskipti með fjármálagerning sem eru framkvæmd af eða fyrir hönd starfsmanns fjármálafyrirtækis þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
 - a) víðskiptin eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi starfsmanns,
 - b) víðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
 - i. Starfsmanns fjármálafyrirtækis,
 - ii. aðila sem tengdur er starfsmanni fjármálafyrirtækis fjölskylduböndum eða aðila sem tengist náíð starfsmanni fjármálafyrirtækis,
 - iii. aðila sem er í slíkum tengslum við starfsmann fjármálafyrirtækis að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu víðskiptanna, að undanskilinni þóknun eða umboðslaunum fyrir framkvæmd víðskiptanna.
5. *Eignastýring:* Stjórnun verðbréfasafns í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrirfram ákveðin af víðskiptavini.
6. *Fagfjárfestar:* Með fagfjárfestum er átt við víðskiptavini sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir, sbr. 9.tl. a-e liðar 2. gr. laga nr. 108/2007.

7. *Fjárfestingarráðgjöf*: Persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinarins eða þess sem þjónustuna veitir.
8. *Fjármálafyrirtæki*: Fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
9. *Fjármálagerningur*: Verðbréf, peningamarkaðsskjöl, hlutdeildarskírteini, valréttar-samningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir vaxtarsamningar og aðrar afleiður.
10. *Fjármögnunarviðskipti með verðbréf*: Hlutabréfalánveiting eða hlutabréfa-lántaka, lántaka eða lánveiting annarra fjármálagerninga, endurkaup eða endurhverf endurkaupaviðskipti eða viðskipti sem byggjast á kaupum/endursölu eða sölu/endurkaupum.
11. *Greiningarsérfræðingur*: Starfsmaður fjármálafyrirtækis er framkvæmir grunnatriði fjárfestingarannsóknna.
12. *Innmiðlari*: Fjármálafyrirtæki sem skipulega, reglulega og kerfisbundið á í viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan við skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga (MTF).
13. *Kauphöll*: Rekstraraðili skipulegs verðbréfamarkaðar samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
14. *Markaðstorg fjármálagerninga (MTF)*: Marghliða viðskiptakerfi sem starfrækt er af fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagernings.
15. *Markaður*: Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, innmiðlari, viðskiptavaki, annar aðili sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, eða aðili sem gegnir sambærilegu hlutverki í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og einhver hinna framangreindu gegnir.
16. *Opinber fjárfestingarráðgjöf*: Greining eða samantekt upplýsinga sem felur í sér ráðleggingu um kaup eða sölu á fjármálagerningum eða leggur til fjárfestingarstefnu, með beinum eða óbeinum hætti, sem varðar einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur þeirra og ætluð er almenningi eða er líkleg til að verða aðgengileg almenningi, svo sem ef henni er dreift til stórs hóps manna.
17. *Samstæða*: Þegar um er að ræða fjármálafyrirtæki; samstæða, sem fyrirtækið er hluti af, og í eru móðurfyrirtæki, dótturfyrirtæki þess og einingar sem móðurfyrirtækið eða dótturfyrirtæki þess eiga hlutdeild í og einnig fyrirtæki sem tengjast hvert öðru með hætti sem um getur í 1. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga.
18. *Skipulegur verðbréfamarkaður*: Markaður með fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
19. *Starfsmaður fjármálafyrirtækis*: Stjórnarmaður, meðeigandi eða samsvarandi aðili, stjórnandi eða einkaumboðsmaður fjármálafyrirtækisins, stjórnandi hjá einkaumboðsmanni fjármálafyrirtækisins, starfsmaður fjármálafyrirtækisins eða einkaumboðsmanns þess, eða hver sá einstaklingur sem starfar undir stjórn fjármálafyrirtækisins eða einkaumboðsmanns þess og á þátt í að veita þjónustu fjármálafyrirtækisins á sviði verðbréfaviðskipta og einstaklingur sem á beinan þátt í að veita fjármálafyrirtæki eða einkaumboðsmanni þess þjónustu á grundvelli samnings um útvistun þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.
20. *Taka fjármálagerninga til viðskipta*: Samþykki kauphallar á að viðskipti með fjármálagerninga hefjist á skipulegum verðbréfamarkaði að uppfylltum reglum hennar skv. 22. gr. laga um kauphallir.

21. *Varanlegur miðill*: Sérhver ráðstöfun sem gerir viðskiptavini kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í tiltekinn tíma.
22. *Viðurkennd markaðsframkvæmd*: Framkvæmd sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að sé viðhöfð á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt.
23. *Viðurkenndur gagnaðili*: Lögaðilar sem hafa starfsleyfi á fjármálamörkuðum, stór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. 108/2007 og ríkisstjórnir, sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir.
24. *Útvistun*: Fyrirkomulag í hvaða formi sem er milli fjármálafyrirtækis og þjónustuveitanda sem felur í sér að þjónustuveitandi tekur að sér framkvæmd þjónustu eða starfsemi sem Byr myndi ella annast sjálft.
25. *Yfirstjórn*: Stjórnarmenn, forstjóri (sparisjóðsstjóri) og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis.

II. Fjárfestavernd og viðskiptahættir

3. gr. *Góð viðskiptavenja*

Byr skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

4. gr. *Almennar skipulagskröfur*

Skipulagi skal vera þannig háttað að tryggð sé samfelld og regluleg starfsemi og þjónusta við viðskiptavini. Í þessu skyni skal Byr m.a. nota viðeigandi kerfi og verkferla og hafa yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu.

Byr skal hafa örugga verkferla fyrir stjórnun, reikningsskil, innra eftirlit og áhættumat fyrirtækisins.

Byr skal setja reglur og verkferla sem tryggja að fyrirtækið, stjórn þess, starfsmenn og fastir umboðsmenn fari að lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Jafnframt skal Byr setja reglur um eigin viðskipti þessara aðila með fjármálagerninga.

Byr skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) Koma á og viðhalda skýrum skriflegum verkferlum um ákvarðanatöku og skipulagi þar sem kemur fram hverjar séu boðleiðir innan Byrs, sem og skipting verkefna og ábyrgðar,
- b) tryggja að starfsmönnum sé kunnugt um þær reglur og verkferla er fylgt skal í starfsemi þess,
- c) starfrækja viðunandi innri eftirlitskerfi sem ætlað er að tryggja að ákvörðunum og ferlum sé fylgt í allri starfsemi Byrs,
- d) ráða starfsfólk með færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin,
- e) koma á og viðhalda skilvirkri innri skýrslugjöf og miðlun upplýsinga á öllum viðeigandi sviðum í Byr,
- f) viðhalda fullnægjandi skráum um viðskipti sín og innra skipulag,
- g) tryggja að þegar starfsmenn sinna margþættum störfum komi það ekki í veg fyrir að þessir aðilar geti tekist á við störf sín af heilindum, heiðarleika og fagmennsku.

5. gr. Regluvarsla

Byr skal koma á og viðhalda viðeigandi stefnu og ferlum sem gerðir eru til að greina hvers konar hættu á misbrestum hjá fyrirtækinu á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og koma á fót ferlum til þess að lágmarka slíka hættu.

Ráðstafanir sem Byr beitir til að uppfylla framangreindar kröfur um regluvörslu skulu taka mið af eðli og umfangi starfseminnar.

Byr skal koma á og viðhalda skilvirkri regluvörslu sem er óháð öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins og hefur eftirfarandi hlutverki að gegna:

- a) Að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana skv. 1. mgr. og aðgerða sem gripið er til, til að bæta úr misbrestum Byrs við að uppfylla skyldur sínar,
- b) að veita starfsmönnum, sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd verðbréfavíðskipta, nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur Byrs samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

Byr skal tryggja að eftirfarandi skilyrði um regluvörslu séu uppfyllt:

- a) Þeir aðilar sem fara með regluvörslu verða að hafa nauðsynlegt vald, úrræði og sérfræðipækkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli,
- b) tilnefna skal regluvörð sem ber ábyrgð á regluvörslu og allri skýrslugjöf til yfirstjórnar sem krafist er skv. 8. gr.,
- c) starfsmenn sem starfa við regluvörslu skulu ekki taka þátt í að inna af hendi þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með,
- d) sú aðferð sem beitt er við ákvörðun þóknunar starfsmanna, sem starfa við regluvörslu, skal ekki vera líkleg til að hafa áhrif á hlutlægni þeirra.

6. gr. Áhættustýring

Byr skal grípa til eftirfarandi aðgerða vegna áhættustýringar:

- a) Koma á og viðhalda viðunandi stefnu og verkferlum um áhættustýringu þar sem greind er öll áhætta sem tengist starfsemi, ferlum og kerfum og ákvarða, þar sem við á, það áhættustig sem Byr þolir,
- b) koma á skilvirku fyrirkomulagi, ferlum og úrræðum til að stýra áhættu sem tengist starfsemi, ferlum og kerfum í ljósi þeirra áhættuþolmarka,
- c) hafa eftirlit með eftirfarandi atriðum: Hæfi og skilvirkni í stefnu og verkferlum um áhættustýringu, að hve miklu marki Byr og starfsmenn þess fara að fyrirkomulagi, verkferlum og úrræðum sem komið er á í samræmi við b-lið, hæfi og skilvirkni ráðstafana, sem gerðar eru til að ráða bót á hvers konar annmörkum í þessari stefnu, verklagsreglum, fyrirkomulagi, verkferlum og leiðum, þ.m.t. ef misbrestur verður á því hjá starfsmönnum að fylgja slíku fyrirkomulagi, verkferlum og úrræðum eða fylgja slíkri stefnu og verklagi.

7. gr. Innri endurskoðun

Byr skal koma á og viðhalda aðferð við innri endurskoðun sem er aðskilin og óháð öðrum verkefnum og starfsemi fyrirtækisins og sem sinnir eftirfarandi hlutverkum:

- a) Kemur á og viðheldur endurskoðunaráætlun til að rannsaka og meta hæfi og skilvirkni kerfa og innri eftirlitskerfa,
- b) gefur út tilmæli sem byggjast á niðurstöðu vinnu í samræmi við a-lið,
- c) staðfestir að þessum ráðleggingum hafi verið fylgt,
- d) gefur skýrslur í tengslum við innri endurskoðun í samræmi við 8. gr.

8. gr. Ábyrgð yfirstjórnar Byrs að því er varðar innri eftirlitsferla

Yfirstjórn Byrs skal reglulega og a.m.k. árlega fá skriflegar skýrslur um málefni, sem ákvæði 5. gr. um regluvörslu, 6. gr. um áhættustýringu og 7. gr. um innri endurskoðun taka til, þar sem sérstaklega skal tilgreint hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar ef annmarkar eru fyrir hendi.

9. gr. Meðferð kvartana

Byr skal starfrækja gagnsætt verklag til að meðferð kvartana, sem berast frá almennum fjárfestum eða hugsanlegum almennum fjárfestum, sé sanngjörn og hröð.

10. gr. Eigin viðskipti ¹

Byr skal koma á og viðhalda viðunandi fyrirkomulagi, sem miðar að því að koma í veg fyrir eftirfarandi háttsemi starfsmanna þess, sem koma að starfsemi sem valdið gæti hagsmunaárekstrum eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi laga um verðbréfavíðskipti eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptavinum eða viðskiptum við eða fyrir viðskiptavinum:

- a) Að stofna til eigin viðskipta þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðum á við: Hlutaðeigandi einstaklingum er óheimilt að stofna til viðskiptanna samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, s.s. vegna reglna um innherjaviðskipti, viðskiptin fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu fyrrgreindra trúnaðarupplýsinga, viðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldur Byrs samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti,
- b) að gefa nokkrum öðrum aðila ráð eða aðstoða hann við að stofna til viðskipta með fjármálagerninga á annan hátt en í samræmi við eðlilegar starfsskyldur, ef viðskiptin falla undir a-lið þessa ákvæðis, a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, ef um væri að ræða eigin viðskipti starfsmanna Byrs,
- c) að veita nokkrum öðrum aðila upplýsingar eða álit, nema það sé heimilt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, aðrar en þær sem um er að ræða í venjubundnu starfi eða samkvæmt þjónustusamningi, ef hlutaðeigandi starfsmaður Byrs veit eða má vita að móttakandi muni, eða líklegt er að hann muni, grípa til eftirfarandi úrræða: Stofna til viðskipta með fjármálagerninga, sem myndu falla undir a-lið þessa ákvæðis, a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007 ef um væri að ræða eigin viðskipti starfsmanns Byrs, eða ráðleggja eða aðstoða annan aðila við að stofna til slíkra viðskipta.

Fyrirkomulagið, sem krafist er skv. 1. mgr., verður að vera þannig að tryggt sé að:

¹ *Eigin viðskipti:* Viðskipti með fjármálagerning sem eru framkvæmd af eða fyrir hönd starfsmanns fjármálafyrirtækis þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a) viðskiptin eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi starfsmanns,
- b) viðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
 - i. Starfsmanns fjármálafyrirtækis,
 - ii. aðila sem tengdur er starfsmanni fjármálafyrirtækis fjölskylduböndum eða aðila sem tengist náð starfsmanni fjármálafyrirtækis,
 - iii. aðila sem er í slíkum tengslum við starfsmann fjármálafyrirtækis að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu viðskiptanna, að undanskilinni þóknun eða umboðslaunum fyrir framkvæmd viðskiptanna.

- a) Sérhverjum starfsmanni Byrs, sem fellur undir 1. mgr., sé kunnugt um takmarkanir varðandi eigin viðskipti starfsmanna og þær ráðstafanir sem Byr hefur komið á í tengslum við slík viðskipti og veitingu upplýsinga í samræmi við 1. mgr.,
- b) Byr sé tafarlaust tilkynnt um öll eigin viðskipti sem starfsmenn stofna til,
- c) haldin sé skrá um eigin viðskipti starfsmanna, þ.m.t. allar heimildir eða synjanir í tengslum við slík viðskipti.

Ef um er að ræða útvistunarfyrirkomulag skal Byr tryggja að fyrirtækið, sem tekur að sér útvistuðu starfsemina, haldi skrá yfir eigin viðskipti starfsmanna Byrs.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um eftirfarandi eigin viðskipti starfsmanna Byrs:

- a) Eigin viðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnsstjórans og hlutaðeigandi einstaklings,
- b) eigin viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.

Sjá nánar viðauka með reglum þessum um eigin viðskipti og hagsmunaárekstra.

11. gr. Útvistun verkefna

Byr skal tryggja að útvistun verkefna sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir starfsemi þess auki ekki rekstraráhættu Byrs. Útvistun slíkra verkefna er óheimil ef hún hefur skaðleg áhrif á innra eftirlit eða regluvörslu. Byr ber eftir sem áður fulla ábyrgð á útvistuum verkefnum.

12. gr. Hagsmunaárekstrar

Byr skal gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina þess.

Byr skal greina hagsmunaárekstra:

1. Milli Byrs sjálfs annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem lúta yfirráðum þess, og viðskiptavina þess hins vegar og
 2. milli viðskiptavina Byrs innbyrðis.
- Við veitingu fjárfestinga- og/eða viðbótarþjónustu, skal Byr meta hvort fyrirtækið, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur fyrirtækinu í gegnum yfirráð:
- a) Sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinarins,
 - b) hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem viðskiptavininum er veitt og þessir hagsmunir eru aðgreindir frá hagsmunum viðskiptavinarins að því er varðar niðurstöðuna,
 - c) hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina frammar hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar,
 - d) stundar sams konar rekstur og viðskiptavinurinn,
 - e) þiggur eða mun þiggja umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavininum í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þessa þjónustu, frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

Þar sem ráðstafanir skv. 1. mgr. veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina sé nægjanlega gætt skal Byr upplýsa viðkomandi viðskiptavini á *varanlegum miðli* um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskipta er stofnað milli Byrs og viðskiptavinarins.

Byr skal setja og viðhalda skilvirkri skriflegri stefnu varðandi hagsmunaárekstra:

- a) Hvaða aðstæður það eru, m.t.t. ólíkra þátta í starfseminni sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist,
- b) í henni verður að tiltaka aðferðir, sem fylgja skal, og ráðstafanir, sem beita skal, í því skyni að hafa stjórn á slíkum árekstrum.

Aðferðirnar og ráðstafanirnar skulu tryggja að starfsmenn starfi af nauðsynlegu sjálfstæði með tilliti til umfangs og starfsemi Byrs og samstæðunnar sem það tilheyrir, og þess hversu raunveruleg áhættan er á því að hagsmunir viðskiptavinanna skaðist.

Aðferðirnar, sem beita skal, skulu fela í sér eftirfarandi atriði:

- a) Árangursríkar aðferðir til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingastreymi milli starfsmanna, sem stunda starfsemi sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum, ef þessi upplýsingaskipti geta skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina (kínamúrar),
- b) sérstakt eftirlit með starfsliði sem annast verkefni fyrir hönd viðskiptavina, hverra hagsmunir geta stangast á, eða koma að öðru leyti fram fyrir aðra hagsmuni sem geta skarast, þ.m.t. hagsmuni Byrs,
- c) afnám hvers kyns beinna tengsla milli þóknunar starfsmanna sem annast fyrst og fremst eitt verkefni og þóknunar starfsmanna á öðrum sviðum, ef til hagsmunaárekstra gæti komið milli þessara verkefna,
- d) ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nokkur aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmaður annast verðbréfiðskipti, eða til að takmarka getu hans til að hafa slík áhrif,
- e) ráðstafanir til að takmarka eða stýra þeim aðstæðum þegar starfsmenn taka samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum, í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Sjá nánar viðauka með reglum þessum um eigin viðskipti og hagsmunaárekstra.

13. gr. Skriflegur samningur um verðbréfiðskipti

Taki Byr að sér þjónustu á sviði verðbréfiðskipta fyrir almennan fjárfesti skal gerður skriflegur samningur milli Byrs og viðskiptavinar þess þar sem m.a. skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila. Ákvæði þessarar málsgreinar gildir ekki um fjárfestingarráðgjöf. *Sjá 9. gr. 108/2007.*

14. gr. Skráning þjónustu og varðveisla gagna

Byr skal halda skrár yfir alla þjónustu sem það veitir og öll viðskipti sem það hefur milligöngu um á sviði verðbréfiðskipta. Skrárnar skulu vera það ítarlegar að Byr geti sýnt fram á að það hafi farið að lögum í starfsemi sinni.

Byr skal varðveita í a.m.k. fimm ár gögn um öll viðskipti með fjármálagerninga sem það framkvæmir, hvort sem viðskiptin eru fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina. Gögn þessi skulu m.a. innihalda upplýsingar sem skylt er að afla á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

15. gr. Sérgreining fjármálagerninga og annarra fjármuna

Byr skal halda fjármálagerningum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum Byrs. Byr getur aðeins nýtt fjármálagerninga viðskiptavinar fyrir eigin reikning með skriflegu samþykki hans.

Byr skal jafnframt halda öðrum fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum Byrs. Fjármunir viðskiptavinar skulu varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi.

16. gr. Safnskráning

Byr getur sótt um heimild Fjármálaeftirlitsins til að mega varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna á sérstökum reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi Byr gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Byr ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig samkvæmt þessari grein. *Sjá 12. gr. 108/2007.*

17. gr. Framsalsáritun

Byr er heimilt að framselja framseljanlega fjármálagerninga í nafni viðskiptavinar síns hafi það fengið til þess skriflegt umboð. Framsalsáritun Byrs telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til þess fylgi ekki framseljanlegum fjármálagerningi, enda sé þess getið í framsalsáritun að gerningurinn sé framseldur samkvæmt varðveittu umboði. Byr ber að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á gerningnum sem framseldur hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda gerningsins í té samrit umboðsins krefjist hann þess. *Sjá 13. gr. 108/2007.*

18. gr. Upplýsingagjöf til viðskiptavina

Byr skal veita viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína greinargóðar upplýsingar um Byr, þjónustu þess, þá fjárfestingarkosti sem þeim standa til boða og þá áhættu sem slíkum fjárfestingum fylgir. Upplýsingar sem Byr veitir viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína skulu vera skýrar og sanngjarnar og þær mega ekki vera villandi þannig að viðskiptavinir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Byr skal kunngera viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína fyrir fram hvaða þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptavinum með hæfilegum fyrirvara.

Byr skal hafa aðgengilegar upplýsingar um réttaráhræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu Byrs og að markaðsefni sé aðgreint frá öðrum orðsendingum.

19. gr. Öflun upplýsinga

Þegar Byr veitir fjárfestingarráðgjöf eða sinnir eignastýringu skal Byr afla sér upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði viðkomandi tegundar verðbréfavíðskipta, fjárhagsstöðu hans og markmið með fyrirhugaðri fjárfestingu, þannig að því sé kleift að veita viðskiptavininum ráðleggingar um hvaða verðbréfavíðskipti hæfi honum. Afli Byr ekki þeirra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eða sé því ókleift að afla þeirra, er því óheimilt að láta viðskiptavini í té ráðleggingar um verðbréfavíðskipti. Byr er óheimilt að hvetja viðskiptavini sína til að veita ekki þær upplýsingar sem krafist er að afla sé samkvæmt þessari grein.

Ef Byr veitir aðra þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta en um getur í 1. mgr. skal óska eftir upplýsingum um þekkingu og reynslu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði viðkomandi tegundar verðbréfavíðskipta til að geta metið hvort þjónustan eða varan sé viðeigandi fyrir viðskiptavininn. *Sjá 16. gr. 108/2007*

Þegar fjármálafyrirtæki felur öðru fjármálafyrirtæki að annast verðbréfavíðskipti fyrir hönd viðskiptavinar skal hinu síðarnefnda heimilt að reiða sig á upplýsingar frá því fyrrnefnda um viðkomandi viðskiptavin og ráðleggingar sem það hefur veitt viðskiptavininum. Er fjármálafyrirtæki sem felur öðru fjármálafyrirtæki framkvæmd verðbréfavíðskipta ábyrgt fyrir því að slíkar upplýsingar og ráðleggingar séu fullnægjandi og réttar.

20. gr. Besta framkvæmd

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla skal Byr leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.

Byr skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fullnægja skyldum skv. 1. mgr., m.a. með því að setja sér *verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla*. Í þeim skal koma fram á hvaða mörkuðum Byr framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina að því er varðar einstakar tegundir fjármálagerninga og þá þætti sem hafa áhrif á val á mörkuðum. Þar skal gert ráð fyrir framkvæmd fyrirmæla á þeim mörkuðum þar sem að jafnaði má vænta bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Fjármálafyrirtæki skal veita viðskiptavininum viðeigandi upplýsingar um efni reglnanna og afla samþykkis þeirra fyrir þeim áður en fyrirmæli eru framkvæmd.

Gerir verklagsreglur skv. 2. mgr. ráð fyrir að fyrirmæli verði framkvæmd utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) skulu viðskiptavinir upplýstir um það sérstaklega og samþykkis þeirra aflað áður en fyrirmælin eru framkvæmd. Samþykkis verður hvort heldur sem er aflað á almennan hátt eða með tilliti til einstakra víðskipta.

Byr skal fylgjast með skilvirkni við framkvæmd víðskiptafyrirmæla og verklagsreglna skv. 2. mgr. til að geta greint galla og gert endurbætur ef tilefni er til. *Sjá 18. gr. 108/2007*.

21. gr. Framkvæmd fyrirmæla

Byr skal gera ráðstafanir sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrirmæla víðskiptavina, með tilliti til fyrirmæla annarra víðskiptavina eða víðskiptahagsmuna. Þessar ráðstafanir skulu gera ráð fyrir að fyrirmæli sem eru að öðru leyti sambærileg séu framkvæmd í þeirri röð sem þau berast Byr.

Þegar um er að ræða skilyrt fyrirmæli sem ekki eru framkvæmd jafnskjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna skal Byr, nema víðskiptavinur mæli fyrir um annað, stuðla að því að fyrirmælin verði framkvæmd eins fljótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis á aðgengilegan hátt. Byr getur fullnægt þessari skyldu með miðlun fyrirmælanna til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF). Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá þessari grein þegar um umfangsmikil víðskipti er að ræða.

22. gr. Einkaumboðsmenn

Byr er heimilt að fela einkaumboðsmanni með skriflegum samningi að markaðssetja þjónustu þess, taka við fyrirmælum viðskiptavina og framkvæma þau, hafa milligöngu um sölu fjármálagerninga og veita fjárfestingarráðgjöf.

Einkaumboðsmenn geta aðeins starfað fyrir eitt fjármálafyrirtæki. Fjármálafyrirtæki sem veitir þjónustu fyrir milligöngu einkaumboðsmanna ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á aðgerðum og vanrækslu þeirra þegar þeir starfa á vegum þess. Einkaumboðsmönnum er skylt að gera viðskiptavinum grein fyrir í umboði hvers þeir starfa. Einkaumboðsmönnum er óheimilt að taka við fjármunum frá viðskiptavinum.

Byr skal hafa eftirlit með starfsemi einkaumboðsmanna til þess að tryggja að þeir fari að lögum og stuðla að heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum þeirra. Einkaumboðsmaður skal hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum. Ef einkaumboðsmaður er lögaðili skal framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum.

Einkaumboðsmanni skal því aðeins heimilt að starfa í þágu Byrs að hann hafi fengið til þess leyfi hjá Fjármálaeftirlitinu.

23. gr. Flokkun viðskiptavina o.fl.

Byr skal flokka viðskiptavini sína í viðurkennda gagnaðila, fagfjárfesta og almenna fjárfesta. Byr skal gera viðskiptavinum sínum grein fyrir til hvaða flokks þeir teljast, upplýsa þá um rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess. Byr skal setja sér verklagsreglur um flokkun viðskiptavina.

Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna Byr um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta. Þá ber Byr að grípa til viðeigandi aðgerða verði þeim kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti.

24. gr. Viðskipti við viðurkennda gagnaðila

Fjármálafyrirtækjum sem hafa leyfi til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning eða taka á móti og miðla fyrirmælum er heimilt að eiga í verðbréfavíðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 9., 14., 15., 16. og 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 108/2007.

Þegar Byr á viðskipti við viðurkenndan gagnaðila skal það afla staðfestingar frá viðskiptavininum þess efnis að hann skuli teljast viðurkenndur gagnaðili. Heimilt er að afla staðfestingar með almennu samþykki eða samþykki vegna einstakra viðskipta.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er viðurkenndum gagnaðila heimilt að krefjast þess að Byr fari að þeim ákvæðum sem tilgreind eru í 1. mgr. í viðskiptum sínum við hann.

25 gr. Aukin vernd fyrir fagfjárfesta

Fagfjárfestum er heimilt að óska eftir því að hafa stöðu almennra fjárfesta. Áður en Byr veitir fagfjárfesti þjónustu skal það upplýsa viðkomandi um að hann teljist fagfjárfestir. Jafnframt skal Byr upplýsa fjárfestinn um að hann geti óskað eftir að ekki verði farið með hann sem fagfjárfesti. Aukin vernd verður einungis veitt fagfjárfestum þegar gert er skriflegt samkomulag við Byr þess efnis að ekki verði farið með viðkomandi sem fagfjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

26. gr. Aðilar sem geta óskað eftir því að vera fagfjárfestar

Aðilar, sem ekki teljast fagfjárfestar, geta óskað eftir því að Byr fari með þá sem fagfjárfesta. Byr skal leggja mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinarins og hvort hún veiti nægilega vissu fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. *Sjá 24. gr. 108/2007.*

27. gr. Opinber fjárfestingarráðgjöf og birting upplýsinga

Þegar Byr setur fram eða birtir opinbera fjárfestingarráðgjöf skal gæta þess að slíkar upplýsingar séu settar fram af sanngirni og uppfylli skilyrði reglna sem Fjármálaeftirlitið setur. Þá skal tilgreina hagsmuni eða hugsanlega hagsmunaárekstra viðkomandi aðila vegna þeirra fjármálagerna sem upplýsingarnar varða.

III. Gagnsæi viðskipta

28. gr. Upplýsingagjöf innmiðlara um tilboð

Innmiðlarar skulu birta bindandi verðtilboð fyrir þau hlutabréf sem þeir eru innmiðlarar fyrir og tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði enda teljist hlutabréfin seljanleg. Teljist hlutabréfin ekki seljanleg skulu innmiðlarar birta verðtilboð ef viðskiptavinur óskar þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda um verðtilboð upp að staðlaðri markaðsstærð. Innmiðlarar sem aðeins eiga viðskipti sem eru stærri en stöðluð markaðsstærð skulu ekki vera bundnir af ákvæðum greinar þessarar.

29. gr. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja um viðskipti

Ef Byr á viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerna (MTF), annaðhvort fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina, með hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal það gera opinberar upplýsingar um verð, umfang og tímasetningu viðskipta. Upplýsingarnar skal birta eins nálægt rauntíma og mögulegt er, á eðlilegum viðskiptakjörum, og á þann hátt að þær séu aðgengilegar öðrum markaðsaðilum.

30. gr. Tilkynningarskylda um viðskipti

Byr skal senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um öll viðskipti sem það framkvæmir með fjármálagerna sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Tilkynning skal send eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok næsta vinnudags. Tilkynna skal um öll slík viðskipti, hvort sem þau eiga sér stað á skipulegum verðbréfamarkaði eða utan slíkra markaða. *Sjá 30. gr. 108/2007.*

IV: Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja

Ákvæði þessa kafla taka til eftirfarandi fjármálagerninga:

1. Fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum erlendum mörkuðum og fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) hér á landi.
2. Fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.

31. gr. Innherjaupplýsingar

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. *Sjá 120. gr. 108/2007.*

32. gr. Innherji

Með innherja er átt við: a) *Fruminnherja*, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga, b) *tímabundinn innherja*, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna, og c) *annan innherja*, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

33. gr. Upplýsingaskylda, frestun hennar og lögmæt miðlun innherjaupplýsinga

Byr, sem útgefanda fjármálagerninga sbr. 1. tl. 32. gr., ber að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) þar sem fjármálagerningar hans hafa verið teknir til viðskipta. Upplýsingarnar teljast opinberar þegar skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga hefur miðlað þeim í upplýsingakerfi sínu. Þá skal Byr birta innherjaupplýsingarnar á heimasíðu sinni.

Byr er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni Byrs, ef frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og Byr getur tryggt trúnað um upplýsingarnar. *Sjá 122. gr. 108/2007.*

34. gr. Innherjasvik

Innherja er óheimilt að afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum, láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir, ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.

35. gr. Milliganga Byrs

Byr er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að víðskiptin brjóti í bága við XIII. kafla laga nr. 108/2007 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja.

Vakni grunur hjá starfsmanni um að víðskipti skv. 1. mgr. hafi farið fram skal hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar. Byr er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins, en starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf Byrs eða starfsmanns þess sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein telst ekki brot á þagnarskyldu. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa víðskiptamann eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

36. gr. Rannsóknarskylda fruminnherja

Áður en fruminnherji á víðskipti með fjármálagerninga Byrs, sem hann er fruminnherji í, skal hann ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar hjá Byr. Sama gildir um fyrirhuguð víðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru slíkum fjármálagerningum og fyrirhuguð víðskipti aðila sem er fjárhagslega tengdur fruminnherja.

37. gr. Tilkynningarskylda fruminnherja

Fruminnherji í Byr skal áður en hann, eða aðili fjárhagslega tengdur honum, á víðskipti með fjármálagerninga Byrs, tilkynna það regluverði Byrs. Fruminnherji skal með sama hætti tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með fjármálagerninga Byrs.

38. gr. Birting upplýsinga um víðskipti stjórnenda

Auk tilkynninga um víðskipti innherja skv. 126. gr. laga nr. 108/2007 ber Byr þegar í stað að senda upplýsingar um víðskipti stjórnenda Byrs með hluti í Byr, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi fjármálagerningar hafa verið teknir til víðskipta eða óskað hefur verið eftir að þeir séu teknir til víðskipta eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) þar sem verslað er með viðkomandi fjármálagerninga. Upplýsingarnar skulu birtar opinberlega, enda nemi markaðsvirði víðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1 millj. kr.

Með stjórnendum í lögum nr. 108/2007 er átt við stjórnarmenn, sparisjóðsstjóra, framkvæmdastjóra, eftirlitsnefndir og aðra stjórnendur sem eru fruminnherjar hjá Byr og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu Byrs. Hið sama á við um aðila fjárhagslega tengda framangreindum stjórnendum.

39. gr. Innherjaskrá og tilkynning um réttarstöðu

Byr skal senda Fjármálaeftirlitinu eftirfarandi upplýsingar um fruminnherja og tímabundna innherja: Heiti útgefanda, skipulegan verðbréfamarkað þar sem fjármálagerningar hafa verið teknir til víðskipta, nafn, kennitölu og heimilisfang innherja, tengsl

innherja við útgefanda, ástæðu skráningar innherja og nöfn aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherja.

Allar breytingar skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu þegar í stað. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Útgefandi sem tilgreint hefur innherja til Fjármálaeftirlitsins skal tilkynna viðkomandi innherja um það skriflega svo og þegar hann hefur verið tekinn af skránni.

Byr skal greina innherja frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð innherjaupplýsinga.

40. gr. Eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja

Stjórn Byrs ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli 132. gr. laga nr. 108/2007, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, sé fylgt. Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með að framangreindum reglum sé framfylgt innan Byrs.

14. mars 2008

Stjórn Byrs

VIÐAUKI: Reglur um eigin viðskipti starfsmanna og hagsmunaaðrekstra

I. Almenn ákvæði

1. gr. Gildissvið og markmið

Reglur þessar gilda um Byr sparisjóð og hafa að geyma reglur um eigin viðskipti starfsmanna Byrs² og fjárhagslega tengda aðila, sbr. framkvæmd laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti með síðari breytingum. Reglurnar eru ekki tæmandi og eru til áréttingar tiltekinna greina nefndra laga, og þá einkum 6. og 8. gr. Ber þeim, sem reglurnar taka til, að kynna sér þær jafnhliða því sem þeim eiga að vera ljós ákvæði laganna.

Markmið reglna þessara er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart og jafnræði milli viðskiptavina í starfsemi Byrs, koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðugleika vegna markaðsviðskipta Byrs.

II. Eigin viðskipti³

2. gr. Verðbréfavíðskipti starfsmanna

Samþykki regluvarðar

Starfsmenn skulu tilkynna regluverði með tölvupósti um fyrirhuguð viðskipti sem falla undir reglur þessar. Starfsmanni er óheimilt að eiga viðskipti nema regluvörður veiti samþykki sitt fyrir viðskiptunum. Fari viðskipti ekki fram þann dag sem regluvörður hefur samþykkt, fellur samþykki hans niður. Viðskipti eru alfarið á ábyrgð viðkomandi starfsmanns.

Afgreiðsla og skráning viðskipta

Með þeim undantekningum sem í reglum þessum greinir skulu öll viðskipti starfsmanna Byrs fara fram fyrir milligöngu Byrs. Starfsmönnum er óheimilt að annast sjálfir viðskipti

² *Starfsmaður fjármálafyrirtækis:* Stjórnarmaður, meðeigandi eða samsvarandi aðili, stjórnandi eða einkaumboðsmaður fjármálafyrirtækisins, stjórnandi hjá einkaumboðsmanni fjármálafyrirtækisins, starfsmaður fjármálafyrirtækisins eða einkaumboðsmanns þess, eða hver sá einstaklingur sem starfar undir stjórn fjármálafyrirtækisins eða einkaumboðsmanns þess og á þátt í að veita þjónustu fjármálafyrirtækisins á sviði verðbréfavíðskipta og einstaklingur sem á beinan þátt í að veita fjármálafyrirtæki eða einkaumboðsmanni þess þjónustu á grundvelli samnings um útvistun þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta.

³ *Eigin viðskipti:* Viðskipti með fjármálagerning sem eru framkvæmd af eða fyrir hönd starfsmanns fjármálafyrirtækis þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a) Viðskiptin eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi starfsmanns,
- b) viðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
 - i. Starfsmanns fjármálafyrirtækis,
 - ii. aðila sem tengdur er starfsmanni fjármálafyrirtækis fjölskylduböndum eða aðila sem tengist náði starfsmanni fjármálafyrirtækis,
 - iii. aðila sem er í slíkum tengslum við starfsmann fjármálafyrirtækis að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu viðskiptanna, að undanskilinni þóknun eða umboðslaunum fyrir framkvæmd viðskiptanna.

sín eða aðila sem eru þeim tengdir og falla undir reglur þessar. Upplýsingar um viðskiptin skulu send regluverði.

Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti á undan viðskiptamanni ef áður hefur legið fyrir beiðni um viðskipti af hans hálfu. Ef Byr fær beiðni um að kaupa eða selja verðbréf yfir ákveðið tímabil geta starfsmenn sem um það er kunnugt ekki átt viðskipti fyrir eigin reikning með viðkomandi verðbréf.

Þrátt fyrir ákvæði greinar þessarar er starfsmönnum heimilt að eiga viðskipti með erlend verðbréf þar sem milliganga Byrs er ekki möguleg án verulegs viðbótarkostnaðar, viðskipti með fjármálagerninga á netinu eða reglulegan sparnað, t.d. áskrift að verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.

Útboð er Byr tekur þátt í

Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti í útboðum á verðbréfum þegar Byr er útgefandi verðbréfanna, umsjónaraðili með útboðinu eða tekur þátt í því þannig að innan félagsins liggi upplýsingar um útboðið sem ekki eru opinberar, nema um sé að ræða almennt útboð þar sem óskað er eftir tilboðum á föstu gengi en ekki er óskað eftir tilboðum í verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör, og þeir njóta ekki forgangs sem fyrstir skrá sig. Við þessar aðstæður verða tilboð starfsmanna að berast við upphaf fyrsta tilboðsdags og skal greina frá heimild starfsmanna til þátttöku í útboðslýsingu.

Óskráð verðbréf

Starfsmönnum Byrs er heimilt að eiga viðskipti með óskráð verðbréf að fengnu samþykki regluvarðar.

3. gr. Viðskipti með stofnfjárbréf í Byr

Stjórnarmönnum og starfsmönnum Byrs á fruminnherjalista og þeim fjárhagslega tengdum er óheimilt að eiga viðskipti með stofnfjárbréf í Byr 20 dögum fyrir opinbera birtingu ársreiknings.

4. gr. Viðskipti starfsmanna við Byr

Viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna skulu á engan hátt rekast á við hagsmuni viðskiptamanna Byrs og skulu þeir forðast að haga viðskiptum sínum þannig að þau gefi tilefni til að ætla að þau rekist á við hagsmuni viðskiptavina.

Byr er heimilt að veita starfsmönnum sínum afslætti vegna viðskipta samkvæmt gjaldskrá og hagstæðari vaxtakjör vegna lána til kaupa á verðbréfum. Slík sérkjör skulu ákveðin fyrirfram af sparisjóðsstjóra Byrs. Hafi starfsmenn Byrs, með öðrum hætti en greint er frá í fyrstu málsgrein, notið betri kjara í verðbréfi viðskiptum sínum en almennt giltu á verðbréfamarkaði um sambærileg verðbréf á þeim tíma sem viðskipti áttu sér stað, skylt að una því að viðskipti séu látin ganga til baka sé þess krafist.

Samningar Byrs um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við sparisjóðsstjóra og maka hans er háður samþykki stjórnar. Ákvörðun um slíkt skal bókuð í fundargerð stjórnar Byrs.

5. gr. Viðskipti stjórnarmanna og aðila sem eiga virkan eignarhlut

Byr skal gæta þess í viðskiptum við stjórnarmenn og aðila sem eiga virkan eignarhlut í félaginu að þau séu ekki á nokkurn hátt tortryggileg eða til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika og orðstír þeirra eða Byrs.

Óskir ofangreindra aðila um viðskipti skulu afgreiddar með sama hætti og óskir annarra viðskiptavina og ekki fá forgang á nokkurn hátt.

III. Hagsmunaárekstrar

6. gr. Aðskilnaður starfssviða Byrs

Með aðskilnaði starfssviða er átt við að rekstrareiningar, sem tilgreindar eru hér á eftir, séu aðgreindar innan sama húsrýmis og kveðið sé skýrt á um samskiptamáta starfsmanna þeirra í öryggis- og samskiptareglum. Sviðin skulu vera aðskilin í húsnaði með aðgangsstýringu frá framangreindum sviðum.

Skal aðskilnaður vera á eftirfarandi hátt:

Markaðsviðskipti Byrs skulu skilin frá *eignastýringu, verðbréfmíðlun og fjárstýringu* í stjórnun, afkomu og upplýsingakerfum.

Eignastýring skal skilin frá *verðbréfmíðlun, markaðsviðskiptum og fjárstýringu* í stjórnun, afkomu og upplýsingakerfum.

Verðbréfmíðlun skal skilin frá *eignastýringu, markaðsviðskiptum og fjárstýringu* í stjórnun, afkomu og upplýsingakerfum.

Fjárstýring skal skilin frá *eignastýringu, verðbréfmíðlun og markaðsviðskiptum* í stjórnun, afkomu og upplýsingakerfum.

Í samskiptum milli framangreindra starfssviða sem aðgreind eru hvað varðar upplýsingaflæði skal þess gætt að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli þeirra og starfsmenn skulu ekki veita upplýsingar um verkefni og gagnagrunna utan viðkomandi starfssviðs í samræmi við öryggis- og samskiptareglur Byrs.

Starfsmenn einstakra starfssviða skulu ekki starfa innan annarra starfssviða sem aðgreind eru.

Á öllum samráðsfundum innan Byrs, skal þess gætt í hvívetna að ekki komi upp hagsmunaárekstrar og að reglur um meðferð trúnaðar- og innherjaupplýsinga séu virtar.

7. gr. Markaðsviðskipti Byrs

Markaðsviðskipti Byrs skulu á engan hátt rekast á við hagsmuni viðskiptamanna Byrs. Óheimilt er að láta markaðsviðskipti Byrs ganga fyrir viðskiptafyrirmælum viðskiptavina. Þegar um markaðsviðskipti Byrs er að ræða og Byr sér um miðlun viðskiptanna skal þess getið á viðskiptanótu að Byr sé mótaðili í umræddum viðskiptum.

Við ráðgjöf um viðskipti með verðbréf skal gera viðskiptavini grein fyrir því ef Byr hefur hagsmuna að gæta í viðkomandi félagi, enda séu upplýsingar um það aðgengilegar starfsmanninum.

Við greiningu Byrs á einstökum félögum sem birtar eru opinberlega skal geta þess ef Byr hefur hagsmuna að gæta í viðkomandi félagi, enda séu upplýsingar um það aðgengilegar þeim starfsmanni/starfsmönnum er útbúa slíka greiningu.

8. gr. Stjórnarseta og önnur störf utan Byrs

Starfsmönnum Byrs er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja, taka laun frá öðru fyrirtæki eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema með leyfi sparisjóðsstjóra. Starfsmönnum Byrs er þó heimilt að starfa fyrir og sitja í stjórnnum dótturfélaga Byrs og tengdra félaga. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

Sparisjóðsstjóri Byrs skal aðeins veita starfsmanni leyfi skv. 1. mgr. ef ekki er talin hætta á hagsmunaárekstrum. Sparisjóðsstjóri skal kynna stjórn eigi sjaldnar en árlega um ákvarðanir samkvæmt grein þessari.

Telji sparisjóðsstjóri brýna ástæðu til, er honum heimilt að afturkalla veitt leyfi. Tekur afturköllunin gildi þegar hún hefur verið send starfsmanni með sannanlegum hætti. Er viðkomandi starfsmanni þá skylt að segja sig úr stjórn eða hætta þátttöku í viðkomandi atvinnurekstri innan sex mánaða frá því að afturköllun leyfis tók gildi. Sparisjóðsstjóri getur kveðið á um styttri frest sé það nauðsynlegt vegna hagsmuna Byrs.

Starfsmönnum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að sitja í stjórnnum félaga sem eingöngu eru í eigu og undir stjórn aðila, sem falla undir reglur þessar. Starfsmenn skulu tilkynna regluverði um eignarhlut sinn og stjórnarsetu í slíkum félögum.

Sparisjóðsstjóri skal almennt ekki sitja í stjórn atvinnufyrirtækja og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti, nema lög kveði á um annað eða um sé að ræða atvinnufyrirtæki sem Byr á aðild að. Þó getur stjórn veitt sparisjóðsstjóra heimild til setu í stjórn atvinnufyrirtækja eða til að taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti ef hún telur það samrýmanlegt hagsmunum Byrs.

Regluvörður Byrs skal halda skrá um þá starfsmenn sem fengið hafa leyfi til stjórnarsetu eða þátttöku í atvinnurekstri. Skal skráin hafa að geyma nöfn viðkomandi starfsmanna, upplýsingar um hvenær leyfi var veitt og vegna hvaða fyrirtækis.

Hætti starfsmaður í stjórn fyrirtækis eða þátttöku í atvinnurekstri skal hann tilkynna regluverði um slíkt. Skal regluvörður við móttöku slíkrar tilkynningar taka viðkomandi af skrá skv. ofangreindu og við það fellur leyfi viðkomandi starfsmanns niður.

Starfsmönnum er óheimilt að hafa með höndum aukastörf. Þó er stjórn og sparisjóðsstjóra heimilt að veita heimild til slíks.

Ákvæði þessarar greinar takmarka á engan hátt atvinnufrelsi maka starfsmanna.

Um heimild stjórnarmanna til setu í stjórnnum tengdra félaga fer samkvæmt sérstökum reglum þar að lútandi settum á grundvelli 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki.

9. gr. Öryggis- og samskiptareglur Byrs

Starfsmenn Byrs skulu fylgja eftirfarandi öryggis- og samskiptareglum í störfum sínum:

a) Trúnaðar- og innherjaupplýsingum skal haldið innan eins þröngs hóps og mögulegt er. Starfsmanni er aðeins leyfilegt að miðla slíkum upplýsingum að hann hafi til þess heimild og viðtakanda séu upplýsingarnar nauðsynlegar vegna starfa eða stöðu sinnar eða ef lög kveða á um skyldu til að veita slíkar upplýsingar. b) Starfsmenn skulu gæta þess að trúnaðar- og innherjaupplýsingar séu varðar aðgangi óviðkomandi.

Aðgangi að rafrænum gögnum skal stjórnað með fullnægjandi öryggisráðstöfunum, t.d. með notkun lykilorða, rafrænna skilríkja og aðgangsskilgreiningu á gagnagrunnum.

Öll frumgögn skulu vistuð í eldtraustu rými.

IV. Starfsemi regluvarðar

10. gr. Skipun, sjálfstæði, aðgangur og verkefni

Stjórn Byrs skal ráða regluvörð og tekur ráðning hans ekki gildi fyrr en stjórn hefur staðfest ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar.

Regluvörður skal hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að hann geti sinnt störfum sínum. Regluvörður skal vera sjálfstæður í störfum sínum.

Innherjalistar

Regluvörður skal sjá um að setja saman, viðhalda og senda innherjalista samkvæmt reglum nr. 987/2006. Þá skal regluvörður sjá um að sendar séu tilkynningar um réttarstöðu innherja og tilkynningar um brottfall af innherjalistum. Í kjölfar miðlunar innherjaupplýsinga þarf að uppfæra innherjalista og senda tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins.

Framkvæmd innherjaviðskipta / ráðlegging regluvarðar

Þegar innherji leitar til regluvarðar fyrir viðskipti til að fullnægja rannsóknarskyldu skal regluvörður ganga úr skugga um að ekki séu fyrirbyggjandi innherjaupplýsingar innan Byrs áður en ráðlegging er veitt. Séu innherjaupplýsingar til staðar skal regluvörður mælast gegn því að innherji eigi viðskipti og benda innherja jafnframt á að eigi hann viðskipti engu að síður sé sér skylt að tilkynna um slík viðskipti til Fjármálaeftirlits og að í slíkum viðskiptum geti falist lögbrot. Þegar regluvörður sjálfur eða aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggjast eiga viðskipti skal hann leita til staðgengils regluvarðar til að sinna tilkynningar- og rannsóknarskyldu sinni.

Samskiptaskrá

Regluvörður skal halda skrá yfir samskipti sín við innherja Byrs sem fram fara á grundvelli reglnanna, svokallaða samskiptaskrá. Færslur vegna innherjaviðskipta, þegar innherji sinnir rannsóknarskyldu og fyrri hluta tilkynningarskyldu, þ.e. tilkynnir um fyrirhuguð viðskipti, skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn innherja og aðila sem tengist honum fjárhagslega ef við á,
2. hvenær (dagsetning og tímasetning) innherji óskar eftir ráðleggingu regluvarðar vegna viðskipta með bréf Byrs eða fjármálagerninga þeim tengdum,
3. hvort regluvörður telur innherjaupplýsingar vera fyrir hendi innan Byrs og hvort ráðlegging regluvarðar um viðskiptin er jákvæð eða neikvæð. Skrá skal nákvæma tímasetningu á heimild/synjun viðskiptanna.

Í seinni hluta tilkynningarskyldu innherja, þ.e. tilkynnir um viðskiptin eftir að þau hafa farið fram, ber að tilkynna um þau atriði sem talin eru upp í 25. gr. reglna nr. 987/2006.

Eftirlit og tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins.

Regluvörður skal hafa eftirlit með að reglum þessum sé fylgt. Leiki grunur á að reglurnar hafi verið brotnar skal regluvörður þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkar grunsemdir.

Fræðsla og kynning

Regluvörður skal sjá um kynningu á þessum reglum og sjá til þess að reglur um meðferð innherjaupplýsinga séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra.

Regluvörður skal að lágmarki einu sinni ári gefa stjórn Byrs yfirlit yfir störf sín. Í slíku yfirliti skal m.a. koma fram hvort haldin hafi verið kynning á reglum meðal starfsmanna, hversu margar tilkynningar hafi komið til regluvarðar um viðskipti, hvort einhver viðskipti hafi átt sér stað án þess að rannsóknar- og tilkynningarskyldu væri sinnt og hve mörgum beiðnum um viðskipti var hafnað.

V. Yfirlýsing starfsmanns, viðurlög og gildistaka

11. gr. Yfirlýsing starfsmanns

Starfsmenn skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum reglur þessar og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal. Starfi maki hjá öðru fjármála-fyrirtæki og hafi hann undirritað sambærilega yfirlýsingu vegna reglna sem gilda um viðskipti starfsmanna þess, skulu ákvæði þeirra reglna gilda um viðskipti viðkomandi maka.

12. gr. Viðurlög

Brot gegn reglum þessum geta varðað áminningu, brottvikningu úr starfi og/eða refsingu samkvæmt lögum. Viðskipti sem brjóta gegn reglum þessum skulu ganga til baka ef unnt er.

Að öðru leyti en því sem greinir í reglum þessum gilda ákvæði laga nr. 108/2007, með síðari breytingum, um viðskipti þeirra sem reglurnar taka til.

Regluvörður Byrs skal tilkynna brot á reglum þessum til stjórnar Byrs.

Yfirlýsing starfsmanns

Ég undirritaður starfsmaður Byrs hef kynnt mér, og eftir atvikum maka mínum, efni reglna Byrs um verðbréfavíðskipti og viðauka um eigin víðskipti starfsmanna og hagsmunarárekstra dags. 14. mars 2008, heiti því að virða þær reglur í hvívetna. Jafnframt skuldbind ég mig til þess að kynna mér og maka mínum eftir atvikum allar breytingar sem kunna að verða gerðar á reglum þessum sem mér verður tilkynnt um.

Reykjavík, _____

Starfsmaður: _____